

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, fjármáladeild

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, um kostnað vegna undirbúnings við nýja byggð í Skerjafirði (US220151)

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað öll undirbúningsvinna við uppbyggingu nýrrar byggðar í Skerjafirði og innviða hefur kostað til þessa. Óskað er grófrar flokkunar/sundurliðunar á kostnaði. Mikil vinna og fjármagn hefur verið veitt í skipulagningu á uppbyggingu í Skerjafirði sl. ár Flokkur fólksins hefur ítrekað bókað um að þetta er ótímabær vinna vegna óvissu um framtíðarstaðsetningu flugvallarins. Nú eru ekki aðeins komin skil í málið heldur afgerandi niðurstaða því Innviðaráðuneytið telur með öllu óásættanlegt að Reykjavíkurborg ráðist í framkvæmdir í Skerjafirði án þess að fullkannað sé hvort og þá með hvaða hætti sé búið að tryggja að ný byggð hafi ekki neikvæð áhrif á rekstraröryggi flugvallarins í Vatnsmýri. Fresta á áformum um úthlutun lóða og byggingarréttar og hefja engar framkvæmdir á umræddu svæði þar til niðurstaða flug fræðilegrar rannsóknar liggur fyrir eins og segir í bréfi frá ráðuneytinu dags. 16. júní. Ljóst er að síðasti meirihluti fór á undan sér í þessu máli þrátt fyrir ítrekuð varnarorð og tillögu um að fresta verkefninu um ókominn tíma. Flokkur fólksins óttast að ef miklar tafir verða á framkvæmdum muni sú vinna sem lögð hefur verið í hönnun og skipulag hins Nýja Skerjafjarðar ekki verða nothæft þegar grænt ljós kemur á framkvæmdir sem óvíst er hvenær verður.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, fjármáladeildar.

Umsögn:

Kostnaður sem færður hefur verið á verkefnið Skerjafjörður 23. ágúst 2022 er eftirfarandi.

Undirbúningur	153 m.kr
Deiliskipulag	75 m.kr
For- og verkhönnun	16 m.kr
Samtals	244 m.kr

Virðingarfyllst,
Hreinn Ólafsson
Fjármálastjóri